



Félag atvinnurekenda
Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri
Kringlunni 7
103 Reykjavík

Reykjavík, 19.05.2016
1605962 / ÞEE

Efni: Kostnaður fyrirtækja vegna dráttar á nýskráningu ökutækja – svar við erindi dags. 13. maí 2016

Samgöngustofa þakkar fyrir ábendingar FA um vaxandi innflutning bifreiða og hvatningu um forgangsörðun verkefna. Eins og ökutækjaskrá sýnir hefur aukning nýskráninga undanfarin ár verið gríðarleg eftir verulegan samdrátt fyrst eftir hrun. Sem dæmi voru 62% fleiri ökutæki nýskráð á fyrstu fjórum mánuðum 2016 samanborið við sama tíma 2015. Samsvarandi vöxtur hefur orðið í verkefnum Samgöngustofu án þess að fjárframlög taki mið af því, enda gerir fjármögnun frá ríkinu ekki ráð fyrir miklum sveiflum í verkefnastöðu stofnana. Við þetta bætist árstíðabundið álag í innflutningi ökutækja þessar vikurnar.

Við þessu hefur verið brugðist hjá Samgöngustofu með hagræðingu, breyttu verklagi og aðstoð starfsfólks úr öðrum deildum. Þessar aðgerðir hafa skilað stóráuknum afköstum við forskráningar svo afgreiðslutími vegna skráninga gerðarviðurkenndra ökutækja er nú 2-3 dagar eins og áður var. Þessi mikli innflutningur hefur hins vegar orðið til þess að afgreiðslutími forskráninga skráningaviðurkenndra ökutækja er lengri, enda um mun sérhæfðari skráningu að ræða. Sá hluti er þó aðeins brot af heildarinnflutningi.

Samkvæmt upplýsingum frá Bílgreinasambandinu ber stærstu innflytjendum ökutækja, bílaumboðum, saman um að mikil breyting til batnaðar hafi orðið með þessu samstillta átaki og telja afgreiðslufrest nú vera ásættanlegan. Engu að síður leitar Samgöngustofa áfram allra leiða til að stytta verkferla og bæta þjónustu, enda allra hagur að hún sé skilvirk og góð.

Virðingarfyllst

Þórhildur Elín Elínardóttir
samskiptastjóri